





Breyting á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 -2022




Hluti af staðfestu aðalskipulagi Þingeyjarsveitar, samþykkt 20.06.2011
mkv. 1:100.000



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar
mkv. 1:100.000

HELSTU SKÝRINGAR

- Efnistökusvæði
- Stofnvegir
- Ljósleiðari
- Helstu göngu- og reiðleiðir
- Lögbýll
- Öbyggð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Héraðs- og landsvegir og aðrir vegir eða slóðar
- Háspennullnur
- Hitaveita
- Friðuð svæði
- Svæði á náttúruminjaskrá
- Vatnasvið Mývatns og Laxár
- Hverflisvernd



Hluti af aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022
■ Svæði sem breytingin nær yfir

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar leggur til að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 verði breytt á þann hátt að gamalt efnistökusvæði á Fljótshéiði verði skilgreint sem nýtt efnistökusvæði í aðalskipulagi. Talið er líklegt að gleymst hafi að skilgreina efnistökusvæðið við gerð núverandi aðalskipulags.

Tilfærni

Vegagerðin áformar framkvæmdir við endurbætur á Hringvegi um Reykjadal á kaflanum frá Laugum að Reykjadalásá. Fyrirhugað er að taka efni úr þremur námum, en ein þeirra er ekki í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og óskar Vegagerðin eftir því að gerð verði breyting á aðalskipulaginu og náman sýnd á því, svo hægt sé að sækja um leyfi til framkvæmdarinnar hjá Þingeyjarsveit.

Náman á Fljótshéiði var opnuð við framkvæmdir á Hringvegi um Fljótshéiði skömmu fyrir aldamótin og hefur verið opin og ófrágengin síðan. Fyrirhugað er að taka 45.000 m² af fyllingarefni og styrktarlagi úr námunni. Áætlanir eru um að efnið verði tekið á árunum 2014, 2015 og 2016. Að loknum framkvæmdum við Hringveginn um Reykjadal eru áætlanir um að loka námunni og ganga frá henni. Hún verður þá mótuð í samræmi við aðliggjandi landslag og grædd upp í samráði við landeigendur.

Staðhættir

Efnistökusvæðið er efst á Fljótshéiði nálægt Hringvegi og hefur verið ófrágengið í fjölda ára. Skipulagssvæðið er hefðbundið gróid heiðalandslag og náman í núverandi mynd er áberandi lýti á umhverfinu.

Breyting á greinargerð

Bætt er við einu efnistökusvæði í kaflann 4.11.2 Efnistökusvæði, og það svæði nánar skilgreint á eftirfarandi hátt:

>Á Fljótshéið:

E-41: Í landi Kvingindisdals efst á Fljótshéiði: Ekki í notkun, ófrágengið. Áætluð efnistaka u.þ.b. 45.000m³ á 9.000 m² svæði á árunum 2014, 2015 og 2016 vegna vegagerðar.

Breyting á uppdrátti

Efnistökusvæðið er fært inn á aðalskipulagsuppdrátt í mkv. 1:100.000 með með brúnum lit/hringtákn, fyrir efnistökusvæði. Efnistökusvæðið einnig fært inn á skýringauppdrátt S-08, Efnistökusvæði og vatnsból í viðauka VII.

Áhrifamat

Fyrirhuguð efnistaka er háð lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 kafla VI, Nám jarðefna og framkvæmdin er ekki tilkynningarskyld skv. 2.viðauka ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þar sem fyrirhuguð efnistaka er minni en 50.000 m³ og raskar minnasvæði en 25.000 m².

Frágangur námunnar í lok vinnslutíma mun hafa veruleg jákvæð umhverfisáhrif.

Að mati sveitarstjórnar hefur fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting ekki breytingu á núverandi landnotkun í för með sér þar sem hún miðast að því að nýta núverandi námu og í lok vinnslutímans verður henni lokað, umhverfi mótað í samræmi við aðliggjandi landslag og hún grædd upp. Breytingin á við afmarkað svæði og er ekki líkleg til að hafa áhrif á aðra aðila en landeigendur og framkvæmdaaðila.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

Þann 27.02.2014
Sveitarstjóri
Þingeyjarsveitar
Afgreiðsla sveitarstjórnar var afglást þann 10.04.2014

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 11.04.2014

Áskir Hótelstjórn
Björni Þj. Arnalds
SKIPULAGSSTOFNUM

13. febrúar 2014

hornsteinar
arkitektar ehf.
vinnustofa Ingólfsstræti 5 101 Reykjavík
sími: 511-7011
netfang: hornsteinar@hornsteinar.is